

Drífa Skúladóttir Halldór  
Kristinsson Illugi Jens Jónasson  
Davíð Viðarsson

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 129129. fundur umhverfis- og  
skipulagsnefndar  
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, 30. ágúst 2019  
og hófst hann kl. 10:00, lauk kl. 12:45**

**Fundinn sátu:**

Drífa Skúladóttir, Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Davíð Viðarsson  
og Valgerður Hlín Krstmannsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Aðstoðarmaður  
byggingarfulltrúa.

**Dagskrá:**

**1. Golfvöllur sunnan Rífs\_Lýsing og matslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar  
aðalskipulags - 1904007**

Nefndinni kynntar athugasemdir og ábendingar umsagnaraðila vegna golfvallarins  
sunnan Rífs.

Kynnt er tilkynning vegna hugsanlegrar matskyldu golfvallar sunnan Rífs.

*Tilkynning í samræmi við lið 12.10 í fyrsta viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum  
nr. 106/2000 var kynnt.*

*Golvellir eru í flokki B í áðurnefndum lögum.*

*Skipulags- og byggingarfulltrúa verður falið að láta bæta inn upplýsingum sem kunnir  
að berast vegna fuglalífs og þjóðleiðar um svæðið.*

**2. Ólafsvíkurhöfn\_óveruleg breyting deiliskipulags - 1904001**

Ein athugasemd barst vegna auglýstrar óverulegrar breytingar deiliskipulags  
hafnarsvæðis í Ólafsvík, Snæfellsbæ. Athugasemdin kynnt fyrir nefndinni.

*Umhverfis- og skipulagsnefndinni var kynnt athugasemdin og hún tekin til greina.  
Aðgreining lóða verði að vera samkomulag milli lóðarhafa en samtenging húsa og  
eldvarnarveggur verði á kostnað lóðarhafa 9-d.*

**3. Ólafsbraut 56\_Finnur Gærdbo sækir um leyfi til að klæða hús sitt að hluta,  
stækka skýli og breyta þakhalla skýlis - 1908001**

Finnur Gærdbo sækir um leyfi til að klæða hús sitt að hluta með hvíttri álklæðningu.  
50 mm einangrun verður sett undir. Einnig sækir hann um að stækka skýli á  
austurhlið hússins ásamt því að setja einhalla þak á skýlið.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið og er byggingarfulltrúa falið að klára  
málið.*

**4. Engihlíð 10\_Sótt er um byggingarleyfi fyrir breytingum á stofuglugga -**

777

## 1908002

Svandís Jóna og Práinn Viðar sækja um leyfi til að breyta stofuglugga á austurhlíð hússins að Engihlíð 10, Ólafsvík. Stærð gluggans helst óbreytt en settur verður auka póstur í gluggann svo allar rúður verði jafn stórar. Sjá meðfylgjandi teikningu. Glugginn verður í samræmi við aðra glugga í húsinu.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

## 5. Laufás 2 - Guðbjartur sækir um leyfi til að klæða húsið með flísum - 1908003

Guðbjartur Þorvarðarson sækir um leyfi til þess að klæða hús sitt að Laufási 2, Hellissandi, með flísum.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

## 6. Skálholt 13\_Pétur Steinar sækir um leyfir fyrir að klæða 25 fm. vegg - 1908004

Pétur Steinar Jóhannsson sækir um leyfi til að klæða einn 25 fm vegg á húsinu sínu að Skálholti 13, Ólafsvík. Veggurinn verður klæddur með ljósu liggjandi báruáli.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

## 7. Hábrekka 14\_Birgir Tryggvason sækir um leyfi breytingum á gluggum - 1908006

Birgir Tryggvason sækir um leyfi til þess að skipta um glugga á húsi sínu að Hábrekku 14, Ólafsvík.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

## 8. Fellaslóð 3\_umsókn um byggingarleyfi fyrir þjónustubyggingu - 1905001

Gunnar Bogi Borgarsson arkitekt sendir inn að beiðni Jóns Jóels Einarssonar drög að nýju húsi að Fellaslóð 3. Brúttóstærð hússins er um 70 m<sup>2</sup>. Byggingin er móttökuhús fyrir ferðafólk á leiðinni á Snæfellsjökul. Húsið er reist trégrind á forsteyptum sökklum. Þak er 10° borðaklætt þak með tvöföldu pappalagi og þaklistum. Einangrað er inní grind, klætt að utan með standandi tréklæðningu. Gluggar eru með tvöföldu gleri.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið og list vel á innsendar teikningar.*

## 9. Vegagerðin sækir um framkvæmdarleyfi vegna breytinga á bílastæði við Djúpalónssand - 1908007

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara á samþykki landeiganda.*

## 10. Fundur Vegagerðar vegna umferðar- og vegamála í Snæfellsbæ - 1908005

Fulltrúar Vegagerðarinnar mæta á fund með nefndinni til þess að fara yfir ákveðin umferðarmál í Snæfellsbæ.

### Gestir

Katrín Halldórsdóttir - Verkfræðingur á umferðardeild - 11:00

Birgitta Rán Ásgeirsdóttir - Tæknifræðingur á tæknideild - 11:00

Erna Hreinsdóttir - Forstöðumaður skipulagsdeildar - 11:00

*Ítarlegar umræður um umferðar- og vegamál í Snæfellsbæ með fulltrúum Vegagerðarinnar. Eftirfarandi punktar voru ræddir:*

- Hraðakstur á Ólafsbraut og Ennisbraut

777  
H.K.  


- Útnesvegur - vegrið við Höskuldará og ástand rúlluhliðs
- Hraðakstur í gegnum Hellissand
- Kríur - aksturshraði á kríuvarpi milli Rífs og Hellissands
- Umferðarmál í Þjóðgarðinum, m.a. rætt um Djúpalónssand
- Útskot á Snæfellsveg og Útnesvegi
- Færa 70 km/klst skilti austan við Ólafsvík aftur að Vegagerðarhúsinu eða Fossánni.
- Hraði og skilti á Arnarstapavegi

## 11. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2019 - 1901006

- Lýsing fyrir Gamla kaupstaðinn, stærð bygginga.

- Breyting lóða að Ólafsbraut 20, 22 og 24.

- Varmilækur, garðskáli.

- Skógrækt í Ólafsvík.

*Rætt var um lýsingu vegna Gamla kaupstaðar og er ítrekað við aðila að setja nýtingarhlufall fyrir húsin.*

*Rætt var um að halda gönguleið milli lóða.*

*Varmilækur tilkynnt framkvæmd skv. byggingarreglugerð*

*Rætt um svæði skógræktar við Ólafsvík*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:45**

*Flluegi Fern Jarrett*  
*Kalltas*      *K. A. Mow*  
*Dipa*